

Útaf þessu undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að tjá yður til þóknann- 10
legrar leiðbeiningar, að jeg álít rjett, að hin umrædda grunnleiga, að því leyti sem hún 4. jan
tilfellur landssjóði, sje tekin lögtaki á venjulegan hátt, samkvæmt 1. gr. 2. í lögum 16.
desbr. 1885, sem annað gjald af fasteignum landssjóðsins.

Auglýsing

um póstmál.

11

27. jan.

Það auglýsist hjermeð almenningi, að frá byrjun 2. ferðar austanpóstsins á þessu
ári, verður á leið pósts þessa stofnuð ný brjefhirðing í Ölvesinu sem fyrst um sinn
verður í Gljúfurárholti.

Reykjavík 27. janúar 1887.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

Jón Jenson.

Auglýsing.

12

24. febr.

Þeim 10000 krónum, sem samkvæmt 10. gr. C. 4. í fjárlögnum á að úthluta
til sýslunefnda og bæjarstjórna fyrir árið 1887 til eflingar búnaði, að hálfu eptir fólks-
fjölda og að hálfu eptir tölu samanlagðra jarðarhundraða og lausafjórðunda, hefur nú
verið skipt svo milli hinna einstöku sýslu- og bæjarfjelaga, sem eptirfylgjandi tafla sýnir:

| Sýslu- og bæjarfjelög. | Lausafjár- hundrað árið 1884. | Fasteignar- hundr. eptir jarðab. 1861 og l. 15/8 85 | Manntal 1/10 1880. | Upphæð, kr. |
|--|-------------------------------------|--|-----------------------|----------------|
| 1. Austur-Skaptafellssýsla | 1160,4 | 1013,5 | 1275 | 170 |
| 2. Vestur-Skaptafellssýsla | 2042,6 | 2049,5 | 2229 | 310 |
| 3. Rangárvallasýsla | 3741,6 | 7082,9 | 5360 | 780 |
| 4. Árnessýsla | 4604,2 | 8606,8 | 6257 | 930 |
| 5. Vestmannaæjarsýsla | 80,6 | 389,5 | 557 | 60 |
| 6. Gullbringu- og Kjósarsýsla | 1889,2 | 4821,5 | 5660 | 640 |
| 7. Reykjavíkurkaupstaður | 167,5 | 355,5 | 2567 | 200 |
| 8. Borgarfjarðarsýsla | 1495,8 | 3747,4 | 2598 | 380 |
| 9. Mýrasýsla | 1587,2 | 3286,2 | 2328 | 340 |
| 10. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla | 1125,4 | 4261,7 | 3272 | 430 |
| 11. Dalasýsla | 1605,4 | 3692,6 | 2357 | 360 |
| 12. Barðastrandarsýsla | 1009,7 | 3877,2 | 2857 | 380 |
| 13. Ísafjarðarsýsla | 1705,0 | 3768,7 | 5033 | 550 |
| 14. Ísafjarðarkaupstaður | 106,0 | 14,4 | 518 | 40 |
| 15. Strandasýsla | 856,7 | 1554,2 | 1861 | 220 |
| 16. Húnavatnssýsla | 4341,0 | 7209,4 | 5028 | 780 |
| 17. Skagafjarðarsýsla | 3643,0 | 7667,9 | 4599 | 740 |
| 18. Eyjafjarðarsýsla | 3541,5 | 7901,0 | 4780 | 760 |
| 19. Akureyrarkaupstaður | 121,5 | 12,3 | 545 | 40 |
| 20. Norður-Þingeyjarsýsla | 1053,3 | 1840,8 | 1571 | 220 |
| 21. Suður-Þingeyjarsýsla | 2850,6 | 5191,6 | 3765 | 560 |
| 22. Norður-Múlasýsla | 4144,0 | 4159,0 | 3825 | 580 |
| 23. Suður-Múlasýsla | 3527,4 | 3866,0 | 3603 | 530 |
| Samtals | 46399,6 | 86369,6 | 72445 | 10000 |

12
24. febr.

Um leið og jeg kunnjóri þetta, skora jeg hjermeð á sýslunefndir þær og bæjarstjórnir, er hlut eiga að máli, að senda sem fyrst *hlutaðeigandi amtmanni* áleiðis til landshöfðingja tillögur sínar um, hversu verja skuli samkvæmt ákvæðum fjárlaganna upphæð þeirri, er hverju sýslu- eða bæjarfjelagi er ætluð, eptir því sem að framan er skráð, fyrir árið 1887. Þá er tillögurnar svo eru samþykktar, mun hver upphæð verða ávísuð til útborgunar úr landssjóði.

Reykjavík 24. febrúar 1887.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Jenson.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. C. 1.

Samkvæmt tillögum hlutaðeigandi amtmanns voru samþykktar uppástungur:

sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu um að 380 kr. styrk handa sýslu þessari til eflingar búnaði fyrir árið 1886 (sbr. Stj.tíð. 1886 B 20.) verði varið til að kaupa jarðyrkjuverkfæri handa hreppum sýslunnar þannig að sýslunefndin annist um skiptingu verkfæra milli hreppanna.

sýslunefndarinnar í Mýrasýslu um að verja 300 kr. af samskonar styrk handa þessu sýslufjelagi fyrir árið 1886 til launa handa 3 búfræðingum er sumarið og haustið 1886 höfðu staðið fyrir búnaðarstörfum í sýslunni.

10. gr. C 5 b.

Veittur 20 kr. styrkur til endurbóta á aðalpostleiðinni með fram Esjunni, frá Skrauthólum og austur fyrir Esjuberg.

13. gr. B. V b.

Barnaskólanum á Leirá veittur 100 kr. styrkur fyrir árið 1886.

16. gr. 4 b.

Bergsteini Jónssyni veittur 50 kr. styrkur til að læra verklegt fiskiklak.

16. gr. 14.

Sjera Páli Pálssyni á Þingmúla veitt 40 kr. þóknun fyrir kennslu heyrnar- og málleysisingja.

Fornleifafjelaginu veittur 300 kr. styrkur fyrir árið 1887 til fornleifarannsókna og upp í kostnað við prentun á árbók fjelagsins.

Stefáni Jónassyni veittur af ráðgjafanum fyrir Ísland 300 kr. styrkur til að framhalda landbúnaðarnámi og til að standast kostnað við að senda hingað til lands og láta reyna hjer sljettunarvjel þá, er hann hefir fundið upp.

EMBÆTTISSKIPUN.

28. desbr. 1886 var *Odda* prestakall á Rangárvöllum veitt af konungi prestaskólakandidat *Skúla Skúlasyni* frá fardögum 1887 að reikna.

ÓVEITT EMBÆTTI.

Fyrra kennaraembættið við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum.

Embætti þessu, sem veitt verður frá 1. október 1887, eru lögð 2000 kr. laun á ári úr landssjóði.

Sá er fær embættið verður einkum að taka að sjer kennslu í náttúrufræði.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta eiga þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi vottorð um, að þeir kunni íslenzku.

Auglýst 3. janúar 1887.

Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 17. maí 1887.